

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt nr. 1088/2020 um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.720 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.	4.910 kr.
660 l ílát	44.180 kr.	14.720 kr.	14.720 kr.	
120 l ílát				2.450 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. 24.540 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. 22.470 af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Úrgangstegund	Kr. kg m. vsk
Blandaður heimilisúrgangur	37,03
Grófur úrgangur óflokkaður	50,9
Grófur úrgangur flokkaður	18,4
Timbur hreint	6
Timbur litað	18
Garðaúrgangur	3,4
Trjábolir og greinar	5,7
Heyrúlluplast	0
Hjólbarðar	0
Umbúðir úr bylgjupappa	0
Raftæki	0
Dýrahæ og sláturúrgangur	31

Óvirkur úrgangur	3,4
Lífrænn úrgangur	0
Óflokkaður pappi	19,3
Spilliefni*	0
Heimsendur gámur, flokkaður*	31.000

\* Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

\* Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd og tegund innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

\* Heimili í Rangárvallasýslu mega þó skila að hámarki 1 m<sup>3</sup> á dag án greiðslu.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 19. nóvember 2020 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1296/2019.

*Strönd, 19. nóvember 2020.*

**Ágúst Sigurðsson,**

formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020